



## Meistarafélag byggingamanna Suðurnesjum.

Fundur með byggingarfulltrúa Reykjanesbæjar.

Félagsfundur með byggingarfulltrúanum í Reykjanesbæ var haldinn þann 15. 3 06. KK formaður bauð menn velkomna og bað félagsmenn að gera sér að góðu kaffiveitingar sem á borðum voru.

Dagskrá fundarins hafði verið send heim til allra félagsmanna . 1. liður var kynning Einars byggingarfulltrúa á sínu starfi. Síðan voru fyrirspurnir og önnur mál.

KK bað Unnar Má Magnússon að taka við fundarstjórn . En í forföllum ritara annaðist formaður fundarritun.

Furndarstjóri bauð velkominn Einar Júlíusson byggingarfulltrúa í Reykjanesbæ ( EJ) gerði grein fyrir sér og sinni menntun, en að því loknu fór hann yfir sitt verksvið og dreifði jafnframt leiðbeiningum fyrir húsbyggendur á meðal fundarmanna. Þarfar upplýsingar í 5 A-4 blaðsíðum. Að því loknu bauð hann upp á fyrirspurnir.

Félagsmenn tóku vel undir og voru margar fyrirspurnir um túlkun á byggingarreglugerðinni. Meðal annars spurðu málarar út í af hverju ekki væri farið eftir öllum ákvæðum byggingarreglugerðarinnar varandi upp á skriftir iðnmeistara hér eins og gert væri m.a. RVK. E.J kvað ýmis ákvæði reglugerðarinnar vera túlkun á hverju svæði .

Mörg dæmi voru tekin um hluti sem betur mættu fara hér á okkar svæði og bað E.J menn endilega að senda sér upplýsingar um það sem betur mætti fara.

Það væri hans vilji að sem best og faglegast yrði staðið að málum.

KK spurði EJ hvort ekki væri gott að kynning færi fram á ýmsu sem byggingarftr. vildi koma á framfæri í okkar ágæta blaði Meistararannum. Jafnframt lýsti KK því yfir að sú stefna hefði verið mótuð af stjórn að við hér vildum vinna með byggingarfulltrúanum í stað þess að fara í hörku út af ýmsum hnökrum sem margir félagsmenn hefðu bent, þá hvaðst hann þess fullviss að jafnkraftmikill maður og EJ myndi laga þau atriði sem við teldum að þyrfti að vera betri.

EJ hvaðst fagna því að vinna með meisturum og ítrekaði að það væri ósk hans að hægt yrði að gera hlutina betri og benti á ýmislegt í því sambandi, m.a. óskaði hann eftir ábendingum í tölvubréfum eða SMS um sem flest sem þyrfti að gera, sem og að ná sambandi við hans embætti. Einnig kom skýrt fram að félagsmenn gerðu sér grein fyrir því mikla álagi sem á embætti byggingarftr. Væri í þeirri þenslu sem nú ríkti.

Félagsmenn sem voru 24 komu með margar fyrirspurnir bæði til EJ og aðspurðir hvort þeir væru sáttir við störf stjórnar sem væri að reyna að blása lífi í félagið kom það fram að menn væru sammála um að stjórnin væri á réttri leið með þessum fundum og ferðalögum, sem hefðu tekist sérlega vel.

Um kl. 21:40 var fundi slitið og var E.J þökkud hans kynning, sömuleiðis minntist formaður á að næsti fundur yrði 5.apríl og þá yrðu tekin fyrir tryggingamálin.

KK formaður annaðist fundarritun þessa á Kanaríeyjum þann 17. mars. 06.